



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2015

FRAN1CC05-1

Kennari:	Hrefna Clausen	St.312	HC
-----------------	-----------------------	---------------	-----------

Áfangalýsing:

Viðfangsefni undanfaranna eru rifjuð upp og sett í nýtt samhengi. Áfram er unnið að aukinni færni nemenda í lesskilningi, tali, hlustun og ritun, þar sem fléttað er inn í kennsluna menningu frönskumælandi landa. Orðaforðinn er aukinn og ný málfræðiatríði þjálfuð.

Til að æfa þessi atríði geta eftirfarandi efnisþættir legið til grundvallar:

Fólk, þ.e. persónuleiki og útlit, líf þess og daglegar athafnir í þátið, nútíð og framtíð. Aðrir efnisþættir geta verið nám og störf, stutt kynning á skólakerfi viðkomandi landa, nám erlendis og að sækja um vinnu, svo og fjölmiðlar, m.a. kynning á útvarpi, sjónvarpi, dagblöðum og tímaritum frönskumælandi landa. Myndefni og tónlist er fléttað inn í kennslu eftir föngum.

Áhersla er lögð á að nemendur tjái sig sem mest á frönsku í töluðu og rituðu máli. Einnig er lögð áhersla á að nemendur beri ábyrgð á sínu eigin námi og sýni sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og skapandi hugsun. **Undanfari: FRA1BB05 (áður FRA 203)**

Þekkingarviðmið: Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- þeim orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins
- mannlífi, menningu og siðum í löndum þar sem tungumálið er talað sem móðurmál/fyrsta mál
- samskiptavenjum
- grundvallarþáttum málkerfisins
- formgerð og byggingu texta
- mismuni á töluðu og rituðu máli

Leikniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilja talað mál um kunnuglegt efni þegar talað er skýrt og áheyrilega
- lesa ýmiss konar texta um kunnuglegt efni og beita viðeigandi aðferðum eftir því hver tilgangur með lestrinum er hverju sinni
- bregðast við spurningum um kunnuglegt efni og beita kurteisissvenjum og hljómfalli við hæfi
- beita nauðsynlegum orðaforða til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins
- skrifa einfaldan texta um efni sem hann þekkir og nota viðeigandi málfar
- fara eftir grundvallarreglum sem gilda um ritað mál
- nota upplýsingatækni og hjálpargögn við tungumálanámið

Hæfniviðmið: Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tjá sig um hugðarefni sín og áhugamál
 - tjá sig um liðna atburði
 - miðla efni sem hann hefur kynnt sér
 - tjá skoðanir og tilfinningar
 - takast á við kunnuglegar aðstæður í almennum samskiptum og beita viðeigandi mál- og samskiptavenjum
 - lesa texta af hæfilegu þyngdarstigi og tjá skoðun sína
-

Markmið áfangans : Í Fran1CC er stefnt að því að nemendur

Hlustun :

- geti skilið fyrirmæli kennarans á frönsku og brugðist við þeim
- geti skilið talað mál við daglegar aðstæður

Lestur :

- geti lesið til skilnings texta með einföldum orðaforða sem fjalla um þekkt efni
- geti lesið lengri texta til skilnings á meginefni hans

Tal :

- nái betra valdi á frönskum framburði
- geti lýst daglegum athöfnum, greint frá atburðum í liðinni tíð, óskað upplýsinga og þjónustu á ýmsum opinberum stöðum.

Ritun :

- geti skrifað samfelld mál um líðandi stund og liðna atburði

KENNSLUEFNI

- **SCÉNARIO 1 - *textabók* (*Méthode de français*)**
- **Að auki skulu nemendur útvega sér STRAX í upphafi annar**
 - **stílabók með milliblöðum** fyrir allar glósur í tímum, verkefni, ígrundun o.fl. Bók þessa köllum við **Leiðarbók / JOURNAL DU BORD** og hún er vitnisburður um virkni og vinnubrögð á önninni og er þannig hluti af námsefninu.
 - **plastmöppu** fyrir *skilaverkefni, ljósrit, ritunarverkefni, próf, matsblöð og fleira* .
- **orðabók**, á pappír eða rafræn, t.d. www.snara.is (Frjáls aðgangur. Ísl-frönsk orðabók er ekki enn til en er í vinnslu)

- www.wordreference.com/fr , <http://www.translate.com/> (Frjáls aðgangur og hægt að hlusta á framburð orða)
- <http://leconjugueur.lefigaro.fr/> : Gagnlegur vefur um beygingu franskra sagna.
- <http://www.duolingo.com> Frjáls aðgangur – Tungumálakennsluvefur.

ÁÆTLUN UM YFIRFERÐ NÁMSEFNIS OG KENNSLU Á ÖNNINNI

Kennslubókin, **SCÉNARIO 1**, verður lögð til grundvallar hvað efni og yfirferð áfangans varðar.

Markmiðið er að ljúka yfirkaflanum, MODULE 3 (bls.67-90) *Journées chargées* (Annasamir dagar)

Fjölbreytt námsmat verður viðhaft reglulega á önninni til að meta kunnáttu nemenda.

Tungumálakennsluvefurinn duolingo.com verður notaður samhliða kennslubók og virkni metin.

Ástundun og vinnubrögð í tímum eru metin jafnóðum.

Athugið vel eftirfarandi :

- Nemendur **bera sjálfir ábyrgð** á náminu. Því er nauðsynlegt að skipuleggja vel tíma sinn, mæta í kennslustundir og sinna náminu reglulega. Auðvelt er að dragast afturúr með slugsí.
- Geti nemandi ekki tekið próf eða lokið verkefni á þeim tíma sem það er lagt fyrir, **skal hann sjálfur** hafa frumkvæði að því að ljúka því á öðrum tíma. Annars verður gefin einkunnin 0.
- Þeir nemendur sem einhverra hluta vegna eru undanþegnir skólasóknarreglum, skulu fylgjast vel með allri vinnu áfangans m.a. á MOODLE.
- **Einkunnin 0 er gefin fyrir vanskil og eða fjarveru frá verkefnum og skyndiprófum**, hafi engin viðhlítandi skýring borist þar að lútandi.
- Notkun snjallsíma í kennslustundum er **háð reglum** sem kennari setur.
- **Allir nemendur** taka skriflegt lokapróf óháð annareinkunn.

NÁMSMAT

Annareinkunn <i>Próf og verkefni, virkni, vinnubrögð og ástundun (leiðarbók og mappa)</i>	30%
Munnleg færni og hlustun	20%
Skriflegt próf í lok annar	50%
	100%

Áætlun um kennslu og yfirferð námsefnis í FRAN1CC á vorönn 2016 (sjá nánar á Moodle)

Vika	Viðfangsefni	Helstu verkefni
2. vika 6.-10. janúar	Kynning á Module 3. Upprifjun. Hópefli. <i>Présentation. Révision. Jeux.</i>	Journal de bord/leiðarbók Vangaveltur/ígrundun um markmið og helstu áherslur Fran1CC. - Munnleg og skrifleg upprifjun úr Fran1BB. Námsmat
3. vika 11.-17. janúar	Klukkan og tímabil dagsins - <i>L'heure et moments de la journée</i> Ákveða stefnumót/viðtalstíma - <i>Fixer un rendez-vous</i> p. 68-72 Le passé composé /Núliðin tíð	Orðaforðavinna og ýmis verkefni um tímabil dagsins, klukkuna og stefnumót/viðtalstíma. Sagnbeygingar.
4. vika 18.-24. janúar	Innkaup, samgöngur, daglegar athafnir og klukkan - <i>Les achats, le transport, les activités quotidiennes et l'heure</i> p. 72-74 Le passé composé	Orðaforðavinna og ýmis verkefni um innkaup, samgöngur, daglegar athafnir og klukkuna. Sagnbeygingar Námsmat
5. vika 25.-31. janúar	Afturbeygðar sagnir og beint andlag – <i>Les verbes pronominaux et COD,</i> p. 74-75	
6. vika 1.-7. febrúar	Afturbeygðar sagnir og –ir sagnir	Sagnbeygingar og ritun Námsmat
7. vika 8.-14. febrúar	Draumafyrirtækið - <i>Une entreprise de rêve</i> p. 78 Boðháttur - <i>L'impératif</i>	Unnið með efni, orðaforða og sagnir sem tákna boð og bönn.
8. vika 15.-21. feb.	Umræðutorg – <i>Forum études et emploi</i> p. 79-81 Boðháttur - <i>L'impératif / Vaxandi nútíð, nálæg framtíð, núliðin tíð, –</i> <i>Présent continu, futur proche, passé composé</i> p. 70	Unnið með efni og orðaforða sem tengist námi og störfum. Sagnavinna. Námsmat.
9. vika 22. – 28. feb.	Kátir dagar og Flóafár	

10. vika 29.feb.-6.mars MIÐANNARMAT	Boð og bönn - L'interdiction et l'obligation p. 80	Skil á Journal du bord/leiðarbók.
11. vika 7.-13.mars	Spurningar og svör – <i>Questions et réponses, p. 45, 56, 84 et 85</i>	Spurningagerð og svör.
12. vika 14. -20. mars	Starf og starfsumsókn – <i>L'Emploi et CV, p.82-83</i>	Ýmsar munnlegar og skriflegar æf.
13. og 14. vika 21.mars-30. april	PÁSKAFRÍ	
15. vika 4. – 10. apríl.	<i>Négation - Pourquoi /parce que</i>	Neitun – Af hverju/ Af því
16.vika 11. – 17. apríl	Kynningar – <i>Les présentations.</i>	Verkefnavinna - Námsmat
17. vika 18. – 24. apríl	Frakkar og Íslendingar - <i>Les Français et les Islandais p. 88-89</i>	Verkefnavinna
18. vika 25. ap.- 1. maí.	Samantekt áfanga – <i>Révision</i>	Uppsóp og upprifjun.
19. vika 2. – 8. maí	Lokavinna – Fin du travail	Uppsóp og upprifjun Námsmat.
20.vika 9. - 15. maí	Fin du cours – Examen final	Lok áfanga - Lokapróf

Með fyrirvara um breytingar og von um farsælt samstarf á önninni.

FSu, janúar 2016, Hrefna Clausen.